

132. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
2. 3. 2022 kl. 8:30 – 10:00

Fjarfundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Bjarni Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Þorkell Óskar Vignisson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Ingunn Jónsdóttir.

Erindi frá Skólaskrifstofu Hornafjarðar

Þórgunnur sagði frá störfum skólaskrifstofu og þeim verkefnum sem unnið er að. Efling leikskólastigsins, innleiðing farsældarlaganna, Heilsueflandi samfélag, Barnvænt sveitarfélag og Hornafjörður náttúrulega eru meðal verkefna sviðsins um þessar mundir. Þessi verkefni eiga það sameiginlegt að taka jafnt á stjórnarsýslulegum viðfangsefnum sem og viðhorfum fólks. Að síðustu sagði hún frá stefnu sveitarfélagsins til næstu 5 ára og kallast Hornafjörður náttúrulega og var unnin í samráði bæjarbúa, nefnda bæjarins og stjórnarsýslu. Í stefnunni er sett fram sýn sveitarfélagsins og ný kjörorð; virðing, framsækni og samvinna. Stefnan er tengd við heimsmarkmiðin og skilgreinir markmið og ábyrgðaraðila þeirra. Þegar er hafin vinna við að fylgja stefnunni eftir.

Umræður sköpuðust um tækifæri til samstarfs, sérstaklega í umhverfismálum og í tengslum við heimsmarkmiðin.

Ársreikningur Nýheima þekkingarseturs

Stjórn fór yfir drög að ársreikningi, umræður sköpuðust um einstaka atriði og var forstöðumanni falið að vinna að málinu með endurskoðanda. Ársreikningur verður lagður fyrir á ársfundi þann 24. mars.

Undirbúningur ársfundar

Hugrún Harpa fór yfir drög að dagskrá ársfundar. Skipað er í embætti stjórnar á tveggja ára fresti, síðast var skipað í embætti á ársfundi 2021. Kristín Hermannsdóttir mun láta af stjórnarstörfum eftir ársfund og þarf því að skipa nýjan gjaldkera í hennar stað. Forstöðumanni falið að senda erindi á alla stjórnarmenn vegna þessa. Farið var yfir drög að ársskýrslu, stjórn sendir forstöðumanni athugasemdir ef einhverjar eru fyrir föstudaginn 4. mars.

Breyting á fundum stjórnar

Í kjölfar umræðu síðasta fundar um tíðni og skipulag stjórnarfunda gerði Hugrún Harpa tillögu að fundaskipulagi næsta vetrar. Rætt var um breytingar á fundum stjórnar og komu fram ýmsar ábendingar varðandi skipulag funda. Ákveðið var að halda fundaskipulagi líðandi

vetrar og leggja tillögu að fundaskipulag næsta vetrar fyrir fund stjórnar í upphafi sumars. Stjórn er sammála um að hægt sé að prófa nýtt fyrirkomulag og alltaf megi þá hverfa aftur til þess skipulags sem verið hefur ef nýtt fyrirkomulag reynist ekki vel.

Húsfundur

Hugrún Harpa lagði til að húsfundur yrði settur saman með umhverfisdegi í apríl og að það verði gert í samvinnu við umhverfishóp hússins sem verið er að endurvekja.

Önnur mál


Hugrún Harpa sagði frá hugmyndum nýsköpunarhóps um *Nýsköpunarnet Nýheima*, hugmyndin verður kynnt nánar þegar vinna að henni verður lengra komin.

Hugrún Harpa sagði frá því að Anna Ragnarsdóttir Pedersen mun vinna að verkefninu Grósku ásamt Guðný Gígju.

Þá sagði hún frá því að starfsfólk setursins hyggst heimsækja Austurbrú í mars. Þá fara Hugrún Harpa og Kristín Vala til fundar í verkefninu Sustainable í næstu viku, fundurinn er haldinn er Erfurt í Þýskalandi.

Hugrún Harpa þakkaði Kristínu Hermannsdóttir fyrir stjórnarstörf hennar og gott samstarf. Fundurinn var síðasti stjórnarfundur Kristínar sem hverfur til nýrra starfa í Reykjavík á næstu vikum.

Fundi slitið klukkan 10:00


Hugrún Harpa Reyrisd.